



221. fundur Skólanefndar FS

14. október 1997

Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Jón Ingi Baldvinsson, Ingimundur Þ. Guðnason, áheyrnarfulltrúarnir Þorvaldur Örn Árnason og Brynja Magnúsdóttir, Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari og Oddný Harðardóttir aðstoðarskólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Innra eftirlit – sjálfsmat skóla.
 2. Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.
 3. Önnur mál.

1. Innra eftirlit – sjálfsmat skóla.

Skólameistari og aðstoðarskólameistari sögðu frá innra eftirliti og sjálfsmati og þeirri vinnu sem verið er að vinna innan skólans varðandi það. Nokkrar umræður urðu um málið.

2. Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.

Skólameistari sagði frá miðstöð símenntunar sem reiknað er með að fari í gang á næstunni. Nefndarmenn lýstu ánægju sinni með að málið sé komið í höfn og þökkuðu skólameistara hans vinnu við þetta mál. Skólanefnd samþykkir samhljóða að veita heimild til að undirrita skipulagsskrá miðstöðvarinnar.

3. Önnur mál.

- a) Skólameistari kynnti yfirlit yfir fjárframlög til áfangaskóla í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1998.

Fleira ekki gert og fundi slitið.



Guðmann Kristþórsson

Guðmann Kristþórsson,
fundarritari

1. Erlent samstarf, stefnumótun, taka á móti gestum, aðstoða við framkvæmd verkefna o.s.frv.

Gígja, Jórunn, Magnús Einarsson, Anna Lea, Karen, María Hreins, Auður.

2. Samskipti við atvinnulíf, kynning á skólanum, skipuleggja heimsóknir o.s.frv.

Guðbjörg Jóns., Magni, Ása, Einar Odds., Sturla, Magnús K., Sturlaugur.

3. Innlend samskipti, skipuleggja samstarfs og kynningafundi við aðra framhaldsskóla, grunnskóla og viðtökuskóla og einnig samstarf við foreldra.

Sigrid, Hallveig, Alda, Gísli, Árný.

4. Gerð skólanámskrár. Hvað á að vera í skólanámskrá og ganga frá þeim köflum sem hægt er áður en ný námskrá kemur út frá ráðuneyti.

Baldur, Ingibjörg, Ægir, Þorvaldur Örn, Ingunn.

5. Aðstoð við nemendur vegna skipulagningar á félagslífi. Samstarf kennara og nemenda, umsjá og framkvæmd sameiginlegra skemmtiatburða.

Kristján V., Þorvaldur Sig., Sara, Elísabet, María Björk.

6. Ritstjórn fyrir heimasíðu FS. Gagnasöfnun, frágangur og útlit.

Björn, Magnús H., Sigurlaug.

7. Matsnefnd. Útfærsla á sjálfsmatskerfi og skipulagning á framkvæmd

Erla, Konráð, Kristján, Guðbjörg A., Svanhildur, Oddný, Ragnheiður.

8. Metnaðarnefnd. Tillögur og útfærsla.

Einar Tr., Rósa, MÓI, Axel Sig., Hrannar.

9. Umhverfisnefnd. Gera tillögur að bættu starfsumhverfi bæði með hollustu, fegurð og öryggi í huga

Jón Pálmi, Kristján J., Axel N., Ólafur Sig., Hörður, Guðni.

10. Tengiliðir verkefnahópa, umsjón með skráningu. **Guðlaug Pálsdóttir**

Mat á skólastarfi

Oddný G. Harðardóttir
Fjölbautaskóli Suðurnesja

14.10.1997

Tilgangur sjálfsmats skóla

Skólaþróun - aðstoða við
stefnumörkun og skipulagningu

Kynning á starfi og leiðum í
umbótastarfi 1

14.10.1997

Markmið

- Lög
- Reglugerðir
- Aðalnámskrá
- Skólanámskrá

2

14.10.1997

Sjálfsmat

- Langtíamamiðað
- Lýsing og greining á markmiðum og leiðum
- Mat á því hvort markmiðunum er náð
- Tillögur um úrbætur

3

14.10.1997

Formlegt

- Kerfisbundnar aðferðir
- Aðferðirnar eru opinberar og skjalfestar
- Hver ber ábyrgð á ólíkum þáttum?
- Hvernig verður farið með upplýsingarnar?
- Hverjir eru samstarfsaðilar?
- Hvað á að gera við niðurstöðurnar?

4

14.10.1997

Upplýsinga og gagnasöfnun

- Skapa grundvöll fyrir mat
- Taka mið af opinberum markmiðum og markmiðum skólans
- Grundvöllur tillagna, umbóta og nýrra markmiða
- Unnið kerfisbundið úr upplýsingum sem fyrir liggja

5

14.10.1997

Umfang

- Stjórnunarhættir
- Störf kennara og annarra starfsmanna
- Stefnumörkun
- Endurmenntun
- Samstarf og samskipti kennara, nemenda og foreldra
- Námsárangur
- Vinnuandi

6

14.10.1997

Samstarfsverkefni

- Unnið sameiginlega að matskerfi skólans
- Ítarleg umræða
- Byrja smátt
- Hvar viljum við byrja?

7

14.10.1997



Tilvísun

97050140

13.192-30 00.001

Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Ólafur Jón Arnbjörnsson, skólameistari
Sunnubraut 36
230 Keflavík

Reykjavík, 22. september 1997

GH/--

Menntamálaráðuneytið hefur fjallað um erindi yðar dags. 16. júní sl. um stofnun Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum.

Ráðuneytið gerir ekki athugasemdir við efni skipulagsskrár fyrir miðstöðina, sbr. hjálagt eintak, og væntir þess að skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurnesja sjái til þess að hún verði kynnt öðrum stofnendum miðstöðvarinnar. Þegar allir stofnendur hafa undirritað skipulagsskrána þarf að senda hana dómsmálaráðuneytinu til staðfestingar.

Í bréfi yðar óskið þér eftir styrk að upphæð 1.200.000 kr. vegna launakostnaðar og 600.000 kr. vegna undirbúnings- og skipulagsvinnu. Ráðuneytinu er kunnugt um að þér hafið einnig sótt um sams konar styrk til "Styrkveitinga til þróunarverkefna í framhaldsskólum og til fullorðinsfræðslu". Ráðgjafarnefnd sú sem gerir tillögur til menntamálaráðherra um styrkveitingar mun væntanlega leggja fram tillögur um úthlutun seinni hluta þessa mánaðar. Ráðuneytið reiknar með að framlag til miðstöðvarinnar komi til álita hjá fyrrgreindri ráðgjafarnefnd.

Varðandi hlut skólans í Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 279/1997 um fullorðinsfræðslu og endurmenntun, verður fjallað um hann í þeim skólasamningi sem gerður verður við Fjölbrautaskóla Suðurnesja á næstunni.

Ráðuneytið óskar eftir því að tilkynning um að Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum taki til starfa sé unnin í samráði við það og með þátttöku menntamálaráðherra.

F.h.r.

Skipulagsskrá fyrir Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.

1. grein.

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, fullorðinsfræðslumiðstöð, er sjálfseignarstofnun með sérstaka stjórn. Heimili og varnarþing er í Reykjanesbæ. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Hún er ekki háð neinum öðrum lögaðilum.

2. grein.

Stofnendur Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum eru: Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, Fjölbrautaskóli Suðurnesja, félög launafólks á Suðurnesjum, félög vinnuveitenda/vinnuveitendur á Suðurnesjum og Reykjanesbær, sem því til staðfestu undirrita skipulagsskrá þessa. Fjárhagslegar skuldbindingar miðstöðvarinnar eru stofnendum óviðkomandi umfram stofnframlag.

Stofnendur leggja fram sameiginlega 500 þúsund króna stofnframlag til stofnunarinnar sem skal vera óskerðanlegur höfuðstóll og ávaxta skal með tryggilegum hætti.

3. grein.

Markmið Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum er að efla endur- og símenntun Suðurnesjamanna, samstarf atvinnulífs og skóla og tengsl grunn- og endurmenntunar.

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum býður einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum námskeið sem ekki heyra beint undir formlegt námsframboð skóla og er hér einkum átt við frístundanám og starfstengd námskeið og námskeiðaraðir. Kennslu í Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum verður hagað við hæfi fullorðinna.

4. grein.

Stjórn Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum er skipuð fimm mönnum til eins árs í senn og fimm til vara. Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum tilnefnir einn fulltrúa, Reykjanesbær tilnefnir einn fulltrúa, félög vinnuveitenda/vinnuveitendur, sem aðild eiga að miðstöðinni, tilnefna sameiginlega einn fulltrúa, félög launafólks sem aðild eiga að miðstöðinni, tilnefna einn fulltrúa sameiginlega og Fjölbrautaskóli Suðurnesja tilnefnir einn fulltrúa. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Menningar- og fræðslusamband alþýðu, Samtök iðnaðarins og Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands skulu eiga hver sinn áheyrnarfulltrúa á fundum stjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

5. grein.

Stjórn Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ber að vinna að markmiðum stofnunarinnar og kemur fram fyrir hennar hönd gagnvart þeim sem veitir henni fjárhagslegan stuðning. Stjórnin ber ábyrgð á rekstri, fjárhag og eignum stofnunarinnar. Stjórnin ákveður meginþætti í stefnu og starfstilhögun stofnunarinnar og setur sér og stofnuninni starfsreglur.

Boða skal stjórnarfundum með tryggilegum hætti. Stjórnarmaður má ekki taka þátt í meðferð einstaks máls ef málefnið varðar hann persónulega.

6. grein.

Stjórn Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ræður forstöðumann, sem annast daglegan rekstur og setur honum erindisbréf. Forstöðumaðurinn ber ábyrgð gagnvart stjórn stofnunarinnar. Forstöðumaðurinn undirbýr fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár, sem skal lögð fyrir stjórnina fyrir 1. apríl ár hvert.

Forstöðumaðurinn vinnur að fjáröflun og annæst reikningsskil. Forstöðumaður ræður starfsfólk stofnunarinnar.

7. grein.

Tekjur Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum, auk vaxta af stofnframlagi, eru frjáls framlög frá ríki og sveitarfélögum, tekjur af þjónustu auk frjálsra framlaga frá einstaklingum, fyrirtækjum og samtökum og annars aflafjár.

Tekjum og eignum Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum má einvörðungu verja í þeim tilgangi sem samrýmist markmiðum stofnunarinnar.

8. grein.

Til þess að stofnunin geti náð megingiltangi sínum er stjórninni heimilt fyrir hönd stofnunarinnar að eiga samstarf við aðra og gerast í því skyni aðili að samstarfssamningi um lengri eða skemmri tíma.

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum getur með sérstökum samningi tekið að sér fræðsluverkefni sem teljast hliðstæð námsframboði framhaldsskóla. Halda skal kostnaði af slíkri starfsemi að fullu aðgreindum frá öðrum rekstri miðstöðvarinnar.

9. grein.

Reikningsár Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Forstöðumaður skal í fyrstu viku marsmánaðar leggja eftirfarandi gögn fyrir stjórn miðstöðvarinnar til afgreiðslu:

1. Skýrslu um starfsemi síðasta starfsárs.
2. Endurskoðaðan ársreikning liðins starfsárs.

Reikningar Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, sem skipaður er af stjórn til eins árs.

Endurskoðaðir reikningar skulu sendir Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30.

júni ár hvert fyrir næst liðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á því ári.

10. grein.

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt með samhljóða samþykki stjórnar. Skulu breytingar hljóta staðfestingu dómsmálaráðherra.

Stofnuninni verður slitið með sameiginlegri ákvörðun stjórnar.

Verði starfsemi Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum hætt og stofnunin lögð niður skulu eignir hennar renna til eflingar endur- og símenntunar á Suðurnesjum.

Um reikningshald fer að lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Reykjanesbæ, 1. júní 1997

F.h. Reykjanesbæjar

F.h. Sambands sveitarfélaga á
Suðurnesjum

F.h. Fjölbrautaskóla Suðurnesja

F.h. félaga launafólks á Suðurnesjum

F.h. félaga vinnuveitenda á
Suðurnesjum

Frumvarp til fjárlaga		1998				1997				Hækkun Hækkun fjárv. á rekstr. milli ára í milli ára í millj. % %				Hlutf. af sért af heildarfv. rekstri til skóla	
Skólar	Fjl. nr.	1998,0	Sért.	Samt.	Hlutf. sért af rekstri	1997,0	Sért.	Samt.	Hlutf. sért af rekstri	Hækkun milli ára í millj.	fjárv. á %.	Hækkun rekstr. milli ára í %.	Mism. á sért.	Ráðgjafir	Hlutf. af heildarfv. til skóla
Framhaldsskólinn í Austur Skaftaf.	02-361	25,9	0,7	26,6	2,68%	23,7	0,7	24,4	2,87%	2,2	9,28%	9,02%	0,0	16	0,72%
Framhaldsskólinn á Laugum	02-363	35,3	0,5	35,9	1,67%	26,9	0,7	27,6	2,54%	8,4	31,23%	30,07%	-0,1	9	0,98%
Framhaldsskólinn á Húsavík	02-362	43,8	1,2	45,0	2,67%	42,9	1,4	44,3	3,18%	0,9	2,10%	1,58%	-0,2	23	1,22%
Verkmenntaskóli Austurlands	02-358	51,9	2,5	54,4	4,60%	47,0	1,6	48,6	3,29%	4,9	10,43%	11,93%	0,9	15	1,45%
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	02-355	68,0	0,1	71,1	4,38%	65,9	3,7	69,6	5,32%	2,1	3,19%	2,16%	-0,6	22	1,89%
Vélskóli Íslands	02-506	72,6	3,0	76,6	3,96%	55,5	2,2	57,7	3,81%	17,3	31,17%	31,37%	0,8	34	2,03%
Framhaldsskóli Vestfjarða	02-306	75,7	3,2	78,9	4,30%	72,2	3,1	75,3	4,12%	2,9	4,02%	4,25%	0,3	21	2,09%
Menntaskólinn á Egilsstöðum	02-307	97,3	8,7	100,4	8,09%	91,0	3,4	94,4	3,60%	6,3	6,92%	6,36%	-0,3	18	2,71%
Múnskólinn í Hafnarfirði	02-516	98,7	4,9	108,5	4,64%	81,7	4,1	85,8	4,78%	17,0	20,81%	20,63%	0,7	9	2,75%
(Kvennaskólinn í Reykjavík)	02-309	117,6	2,9	120,5	2,41%	95,9	3,4	99,3	3,42%	21,7	22,63%	21,35%	-0,5	7	3,28%
Fjölbautaskóli Norðurlanda vestra	02-356	119,8	5,3	122,8	2,69%	105,1	4,1	109,2	3,75%	14,4	13,70%	12,45%	-0,8	13	3,33%
Fjölbautaskólinn í Garðabæ	02-360	122,2	3,4	125,6	2,71%	112,2	4,5	116,7	3,86%	10,0	8,91%	7,63%	-1,1	17	3,40%
Borgarhóltsskóli	02-365	152,1	6,0	160,1	6,00%	129,4	7,3	136,7	5,34%	22,7	17,54%	17,12%	0,7	12	4,24%
Flensborgarskóli	02-352	168,8	6,7	175,0	3,88%	127,2	7,2	134,4	5,36%	41,1	32,31%	30,21%	-0,5	8	4,69%
Fjölbautaskólinn við Ármúla	02-351	175,7	4,9	178,5	2,74%	144,9	7,0	151,9	4,61%	28,8	19,88%	17,58%	-2,1	10	4,84%
Fjölbautaskóli Vesturlands	02-354	179,0	8,7	180,7	3,69%	167,1	7,5	174,6	4,30%	9,9	5,92%	5,21%	-0,8	20	4,93%
Fjölbautaskóli Suðurlands	02-357	190,3	7,9	196,2	3,99%	158,0	8,2	166,2	4,93%	32,3	20,44%	19,25%	-0,3	10	5,30%
Fjölbautaskóli Suðurnesja	02-353	202,6	9,6	212,4	4,32%	158,8	9,3	168,1	5,53%	44,0	27,71%	26,35%	0,3	6	5,65%
Menntaskólinn í Kópavogi	02-308	231,4	9,0	240,4	3,74%	144,9	8,5	153,4	5,54%	86,5	59,70%	56,71%	0,5	1	6,45%
Menntaskólinn við Hamrahlið	02-304	232,2	18,2	270,6	6,72%	207,2	19,3	226,5	8,52%	45,0	21,72%	19,43%	-1,0	8	7,03%
Verkmenntaskólinn á Akureyri	02-359	304,2	15,2	319,4	4,78%	233,8	14,9	248,7	5,99%	70,4	30,11%	28,43%	0,3	5	8,47%
Fjölbautaskólinn í Breiðholti	02-350	366,0	32,7	398,7	8,20%	344,0	33,1	377,1	8,78%	22,0	6,40%	5,73%	-0,4	9	10,19%
Múnskólinn í Reykjavík	02-514	413,9	30,7	474,5	6,42%	395,2	27,1	422,3	6,42%	46,7	12,32%	12,38%	3,6	4	12,36%
		3590,0	181,7	3772	4,82%	3030,5	182,3	3212,8	5,87%	559,5	18,46%	17,40%	-0,6	111	100,00%